

## Niðurstaða aðalfundar Fly Play hf. þann 7. mars 2023

Aðalfundur Fly Play hf. var haldinn miðvikudaginn 7. mars 2022, í Iðnó, menningarhúsi við Tjörnina. Gögn vegna aðalfundar er að finna á vefsíðu félagsins <https://www.flyplay.com/corporate-governance>

Eftirtaldar tillögur voru allar samþykktar á fundinum:

### Dagskrárliður # :

#### 2. Samþykkt ársreiknings fyrir liðið starfsár

Ársreikningur fyrir árið 2022 var samþykktur.

#### 3. Ákvörðun um hvernig fara skuli með rekstrarniðurstöðu félagsins á liðnu starfsári

Tillaga félagsstjórnar um að ekki verður greiddur út arður til hluthafa vegna rekstrarársins 2022 var samþykkt.

#### 4. Kosning stjórnar félagsins

Sjálfkjörið var í stjórn. Stjórn hefur þegar skipt með sér verkum. Í stjórn sitja:

- Einar Örn Ólafsson, stjórnarformaður
- Skúli Skúlason, varaformaður
- Guðný Hansdóttir
- María Rúnarsdóttir
- Valentín Lago
- Sigurður Kári Kristjánsson (til vara)

#### 5. Kosning endurskoðenda

Tillaga félagsstjórnar að endurskoðendafélagið Deloitte ehf. verði skipaður endurskoðandi félagsins var samþykkt.

#### 6. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna, varamanna og undirnefnda stjórnar

Tillaga félagsstjórnar um þóknunir var samþykkt. Tillagan var svohljóðandi:

Starfskjaranefnd leggur til að stjórnarlaun hækki um 3,9% og laun formanns og varaformanns hlutfallslega. Þá er lagt til að varamaður fái ein mánaðarlaun almenns stjórnarmanns í upphafi starfsárs og svo þriðjung mánaðarlauna stjórnarmanns fyrir hvern setinn fund. Þá leggur starfskjaranefnd til að laun í undirnefndum hækki um 3,9%.

Eftirfarandi er tillaga starfskjaranefndar um mánaðarleg laun stjórnarmanna og nefndarmanna vegna starfsársins 2022-2023:

#### Stjórnarlaun

- |                         |         |
|-------------------------|---------|
| • Almennir stjórnarmenn | 329.000 |
| • Varaformaður          | 493.000 |

- Formaður stjórnar **658.000**

Varamanni stjórnar skal greidd eingreiðsla kr. 329.000 í upphafi starfsárs og að auki kr. 110.000 fyrir hvern fund sem hann situr.

**Nefndarlaun í undirnefndum**

- Formenn nefnda **67.000 kr.**
- Aðrir nefndarmenn **47.000 kr.**

**7. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins**

Tillaga félagsstjórnar um að framlagða starfskjarastefna félagsins var samþykkt. Um er að ræða minniháttar breytingu frá núverandi útgáfu. Starfskjarastefnan er aðgengileg á vefsíðu félagsins.